

Nd.

196. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkisins og hlutafjárframlag til Vestfjarðabáts.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Ef stofnað verður hlutafélag við Ísafjarðardjúp til þess að láta smíða skip til flutningaferða þar, eigi minna en 45—55 smálesta, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 50 þúsund króna lán, sem félagið tekur í því skyni, enda sé lánið tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

Til sama félags leggur ríkissjóður fram vegna kaupa á skipi eða smíði hlutafé, allt að helmingi stofnkostnaðar, sem greiðist í tveim jöfnum greiðslum, á fyrsta og öðru stofnári.

3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Á meðan ríkið er í ábyrgð fyrir félagið, má eigi greiða hluthöfum hærri arð en 5% og aldrei yfir $\frac{1}{3}$ af hreinum ársarði félagsins.

G r e i n a r g e r ð .

Fyrir Alþingi liggur erindi frá nefndarmönnum í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, þar sem farið er fram á allt að 200 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til að koma upp hentugum bát til fólks- og vöruflutninga milli byggða í Norður-Ísafjarðarsýslu og í grennd. Styðja þeir kröfur sínar um svo riflegan styrk í þessu skyni við það, að þannig hagi til um samgönguskilyrði í þessum byggðum, að slíkum bát og lendingarbótum á aðalhöfnum hans megi líkja við þjóðvegi annars staðar.

Samgöngumálanefndir beggja deilda Alþingis hafa haft mál þetta til athugunar og fallizt á, að hér standi svo sérstaklega á, að ástæða sé til, að ríkissjóður styðji framkvæmdir þessar mjög verulega. Féllust nefndirnar einróma á, að það yrði gert á þann hátt, er greinir í frv. þessu.